

## Fornleifarannsókn í Nesi við Seltjörn



Margrét Hrönn Hallmundsdóttir  
Guðrún Jóna Þráinsdóttir

Maí 2010

NV nr. 09-10

## Efnisyfirlit

1. INNGANGUR .....	3
2. MARKMIÐ OG AÐFERÐAFRÆÐI .....	3
3. RANNSÓKNARSVÆÐIÐ .....	4
4. VETTVANGSRANNSÓKN .....	4
5. NIÐURSTÖÐUR.....	8
6. GRIPASKRÁ.....	9
7. HEIMILDASKRÁ .....	10

## 1. Inngangur

Áætlað er að hefja framkvæmdir vegna urtagarðs í Nesi við Seltjörn, austur af Nesstofu. Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir óskaði þess að fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða tæki að sér, í samráði við Fornleifavernd ríkisins, að kanna hvort minjar leyndust á því svæði þar sem fyrirhugað er að garðurinn verði staðsettur. Fornleifavernd ríkisins fór fram á að könnunarskurðir yrðu gerðir á svæðinu enda er svæðið í útjaðri bæjarhólsins í Nesi.

Fornleifarannsókn fór fram í apríl 2010. Deildarstjóri fornleifadeildar Náttúrustofu Vestfjarða, Margrét Hallmundsdóttir, sá um rannsóknina og einnig frágang gagna og skýrslugerð. Við vettvangsvinnu vann jafnframt Guðrún Jóna Þráinsdóttir fornleifafræðinemi. Hreinn Sigurjónsson sá um gröfuvinnu og fær bestu þakkir fyrir. Þjóðminjasafn Íslands úthlutaði rannsókninni númerið Nes 2010-17.

## 2. Markmið og aðferðafræði

Markmið rannsóknarinnar var að kanna hvort minjar væri að finna þar sem fyrirhugað er að setja urtagarð. Markmiðið var jafnframt að kanna eðli minja ef einhverjar væru og hvort suður útmörk kirkjugarðsins væru á þessu svæði.

Við rannsóknina var beitt *single context* uppgraftrartækni, þ.e. hver fornleifafræðileg eining var teiknuð, mæld, ljósmynduð og síðan grafin í burtu. Hugmyndafræðin bak við *single context* uppgraftrartækni byggir á því að hvert mannvistarlag er fjarlægt í öfugri tímaröð. Með því er saga uppgraftrarsvæðisins skráð af nákvæmni þar til að svæðið er komið á þann tímapunkt er mannvist hófst á staðnum. Með þessu fæst nákvæmt yfirlit af svæðinu og þeim breytingum sem þar hafa átt sér stað í gegnum tíðina.

Grafa var notuð til að taka torf af og fjarlægja efstu jarðlögin sem voru greinilega röskuð, enda er svæðið gamall uppstunginn kálgarður. Grafan skóf jarðlögin af mikilli nákvæmni um 1-2 cm í einu.

### 3. Rannsóknarsvæðið

Rannsóknarsvæðið er í jaðri bæjarhólsins í Nesi við Seltjörn. Nánar tiltekið í suð-austur hluta hólsins.

Eldri fornleifarannsóknir á svæðinu leiddu í ljós að byggð hefur verið í Nesi síðan á landnámsöld (Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson 1989:9).

Margar fornleifarannsóknir hafa farið fram á bæjarhólnum á síðustu 20 árum, flestar í formi könnunarskurða (Margrét Hallmundsdóttir 2010:3).

Fyrirhugaður urtagarður er staðsettur á svæði sem er í austur jaðri bæjarhólsins. Heimildir eru um að kálgarður hafi lengi verið á þessum stað og má sjá merki þess enn þann dag í dag (t.d. Margrét Hallmundsdóttir 2010:3).



**Mynd 1.** Guli kassinn sýnir hvar fyrirhugað er að gera urtagarð en svörtu reitirnir eru tilraunaskurðir.

Við austurhlið bæjarhólsins í Nesi standa íbúðarhúsin Neströð 7 og Nesbali 34. Við þessi hús er hlaðinn steingarður (sjá mynd 1). Kálgarðurinn gamli var fast upp við þennan grjótagarð. Norður af gamla kálgarðinum hækkar landið og er talið fullvíst að þar sé gamli kirkjugarðurinn í Nesi. Rúst sjálfrar kirkjunnar er í garði íbúðarhússins við Neströð 7.

Á mynd 1 má sjá, merkt með gulu, þar sem fyrirhugað er að gera urtagarðinn. Staðsetning könnunarskurða er merkt með svörtum línum.

### 4. Vettvangsrannsókn

Rannsóknin fór fram dagana 26-27. apríl 2010. Gerðir voru þrjár skurðir sem gefið var nöfnin A, B og C (sjá mynd 1). Tveir skurðanna (A og B) voru 1x4 metrar á stærð en sá þriðji (C) var 1x2 metrar.

Tveir stærri skurðirnir voru teknir í norður/suður (A) og í austur/vestur (B). Þriðji skurðurinn var grafinn í norður/suður og var í suðvesturhorni fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis. Tilgangur þessara skurða var að kanna hvort einhverjar minjar leyndust undir yfirborði. Grafa var notuð til að fjarlægja röskuð mannvistarlög á yfirborði.

**Skurður A****Stærð:** 1x4 m**Legi:** Norður/Suður**Dýpt:** 1 m**Gps:** E 353757.925 N 409540.557**Jarðlagaskrá í skurði A****Jarðlag # [1]** Yfirborð.

**Jarðlag # [2]** Brúnt hreyft jarðlag, greinilega uppstunginn kálgarður. Mikið ormétinn. Nokkuð af smásteinum. Neðst í þessu lagi fór að koma upp mikið af rusli, sérstaklega beinum.

**Mynd 2.** Könnunarskurður A. Mynd tekin í suður.

**Jarðlag # [3]** Móöskulag frekar þunnt. Mikið af rusli í laginu eins og kolaleifar, bein og nokkrir gripir. Greinilega sama lag og er dreift um allan bæjarhólinn í Nesi. Mjög ormétið.


**Jarðlag # [4]** Brúnt moldarlag. Ekki mikið af rusli í þessu lagi en þó eitt og eitt bein og kolasmít.

**Jarðlag # [5]** Appelsínubrúnt lag með kolasmíti. Greinilegt lag þar sem áður hefur verið tún nærri bæjarhól þar sem kolaleifar og annað fýkur til og sest í jarðlög í kring.

**Jarðlag # [6]** Brúnt lag með grænleitum og gráum flekkjum sem hugsanlega eru gjóska í bland við jarðlagið.

**Jarðlag # [7]** Brúnleitt lag (linsa) frekar feitt og leirkennt.

**Jarðlag # [8]** Óhreyfður sjávarbotn, mikið af smágrjóti, finnst um allt svæðið.

**Teikning 1.** Snið af skurði A. Teikning GJP. Tölvuvinnsla MHH.




**Skurður B****Stærð:** 1x4 m**Legg:** Austur/Vestur**Dýpt:** 1.20 m**Gps:** E 353761.612 N 409549.289**Jarðlagaskrá í skurði B****Jarðlag # [1]** Yfirborð.**Jarðlag # [2]** Brúnt hreift jarðlag, greinilega uppstunginn kálgarður. Mikið ormétinn. Nokkuð af smásteinum. Neðst í þessu lagi fór að koma upp mikið af rusli sérstaklega beinum.**Jarðlag # [3]** Móöskulag frekar þunnt.

Mikið af rusli í laginu eins og kolaleifar, bein og nokkrir gripir. Greinilega sama lag

og er dreift um allan bæjarhólinn í Nesi. Mjög ormétið.

**Jarðlag # [4]** Brúnbleikt moldarlag. Ekki mikið af rusli í þessu lagi en þó örfínar agnir af brenndum beinum og kolasmíti. Greinilegt foklag þar sem móöskufok hefur blandast jarðvegi og gefið honum bleikan blæ.**Jarðlag # [5]** Gjóska líklega Katla 1500. Mjög fínt blásvart lag.**Jarðlag # [6]** Gjóska. Lítil linsa af gjósku. Svart lag og frekar gróft.**Jarðlag # [7]** Appelsínubrúnt lag með kolasmíti. Hugsanlega túnstæði nærri bæjarhól þar sem kolaleifar og annað fýkur til og sest í jarðlög í kring.**Jarðlag # [8]** Brúnt lag með grænleitum og gráum flekkjum sem hugsanlega eru gjóska í bland við jarðlagið.**Jarðlag # [9]** Óhreyfður sjávarbotn, mikið af smágrjóti, finnst um allt svæðið.**Mynd 3.** Könnunarskurður B. Tekið í vestur.**Mynd 4.** Snið í skurði B.



**Teikning 2.** Snið af skurði B. Teikning GJP, tölvuvinnsla MHH.

### Skurður C

**Stærð:** 1x2m

**Lega:** Norður/Suður

**Dýpt:** 70 cm

**Gps:** E 353753. 286 N 409541.641

### Jarðlagaskrá í skurði C

**Jarðlag # [1]** Brúnt lag, sama og í A og B, mjög hreyft. Mikið af beinum og nokkrir gripir (sjá gripaskrá aftar). Náði niður á 70 cm. Ekki var talið nauðsynlegt að grafa skurðinn dýpri.



**Mynd 5.** Skurður C, mynd tekin í vestur.

## 5. Niðurstöður

Þrír könnunarskurðir voru teknir á svæðinu þar sem fyrirhugað er að byggja urtagarð Lækningaminjasafns við Nesstofu. Engar vísbendingar voru um byggingar á tilvonandi framkvæmdasvæði. Greinileg merki eru um uppstunginn kálgarð í öllum skurðunum og er næstum fullvíst að ruslahaugur hefur verið notaður í kálgarðinn.

Efsta lagið innihélt mikið af frekar stórum dýrabeinum ásamt nokkrum gripum. Undir því lagi var móöskulag en það lag virðist vera um allan bæjarhólinn í Nesi sem bendir til þess að eftir tíma vélvæðingar hafi stór gamall ruslahaugur verið jafnaður út um allan bæjarhólinn. Undir þessum þykku lögum voru hinsvegar foklög sem innihéldu nær eingöngu litlar leifar af kolum og brenndum beinum. Lögin eru mjög dæmigerð fyrir foklög sem búast má við í útjaðri byggðar nærri mannabústöðum.

Gjóskulag K1500 var að finna í skurði B og voru foklög með greinilegum merkjum um mannvist undir því lagi sem staðfestir langa búsetu í Nesi.

Skurður A var grafinn niður á óhreyfðan jarðveg þ.e. sjávarbotn. Skurður B var að hluta til tekin niður á óhreyft, en aðeins voru nokkrir sentímerar frá botni skurðarins niður á óhreyfðan sjávarbotn. Öll jarðlögin voru mjög ormétin.

Ekki er fyrirhugað að skipta um jarðveg við gerð urtagarðsins heldur bæta þar jarðvegi ofan á. Niðurstaða rannsóknarinnar í Nesi er að minjum stafar engin hættu af framkvæmdinni og ólíklegt er að áður óþekktar minjar verði fyrir raski.



## 6. Gripaskrá

Dags	Númer	C#	Skurður	Tegund	Efni	Lýsing
26.4.2010	2010-17-001	1	A	Keramik	Steinleir	Brot
26.4.2010	2010-17-002	1	A	Keramik	Rauðleir	Brún af íláti sem hefur verið glerjað
26.4.2010	2010-17-003	1	A	Járn	Járn	Ílangt járnstykki
26.4.2010	2010-17-004	1	A	Keramik	Rauðleir	Fótur af potti
26.4.2010	2010-17-005	1	A	Keramik	Rauðleir	Brot
26.4.2010	2010-17-006	1	A	Glerflaska	Gler	Grænt
26.4.2010	2010-17-007	1	A	Keramik	Hvítleir	Hefur verið glerjað
26.4.2010	2010-17-008	1	A	Glerflaska	Gler	Grænt
26.4.2010	2010-17-009	1	A	Keramik	Rauðleir	Hefur verið í eldi
26.4.2010	2010-17-010	1	A	Keramik	Hvítleir	Lítið brot
26.4.2010	2010-17-011	1	B	Keramik	Rauðleir	Þykkt brot
26.4.2010	2010-17-012	1	B	Múrsteinn	Rauðleir	Múrsteinn með gulum flekkjum
26.4.2010	2010-17-013	1	B	Keramik	Hvítleir	Glerjað
26.4.2010	2010-17-014	1	B	Múrsteinn	Rauðleir	2 stk
26.4.2010	2010-17-015	1	B	Gler rúða	Gler	Ekki gamalt
26.4.2010	2010-17-016	1	B	Gler rúða	Gler	Grænt
26.4.2010	2010-17-017	1	B	Gler flaska	Gler	Grænt
26.4.2010	2010-17-018	1	B	Keramik	Hvítleir	
26.4.2010	2010-17-019	1	B	Keramik	Hvítleir	Glerjað
26.4.2010	2010-17-020	2	A	Múrsteinn	Rauðleir	
26.4.2010	2010-17-021	2	A	Krítapípa	Hvítleir	Stilkur óskreyttur
26.4.2010	2010-17-022	2	A	Gler	Gler	Grænt
26.4.2010	2010-17-023	2	A	Gler	Gler	Glært
26.4.2010	2010-17-024	2	A	Keramik	Hvítleir	Glerjað
26.4.2010	2010-17-025	1	C	Krítapípa	Hvítleir	Stilkur skreyttur. Letur og hreisturmunstur
26.4.2010	2010-17-026	1	C	Keramik	Rauðleir	Efri brún á krukku
26.4.2010	2010-17-027	1	C	Múrsteinn	Rauðleir	Múrsteinn með gulum flekkjum
26.4.2010	2010-17-028	1	C	Keramik	Rauðleir	Þykkt brot
26.4.2010	2010-17-029	1	C	Keramik	Rauðleir	Hefur verið glerjað
26.4.2010	2010-17-030	1	C	Keramik	Rauðleir	Brot
26.4.2010	2010-17-032	1	C	Keramik	Rauðleir	
26.4.2010	2010-17-033	1	C	Keramik	Rauðleir	
26.4.2010	2010-17-034	1	C	Keramik	Rauðleir	
26.4.2010	2010-17-035	1	C	Keramik	Rauðleir	Glerjað

Dags	Númer	C#	Skurður	Tegund	Efni	Lýsing
26.4.2010	2010-17-036	1	C	Gler	Gler	Grænt
26.4.2010	2010-17-037	1	C	Keramik	Gler	Grænt
26.4.2010	2010-17-038	1	C	Keramik	Rauðleir	4 stk

## 7. Heimildaskrá

Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson. *Fornleifarannsókn við Nesstofu*. Þjóðminjasafn Íslands 1989.

Margrét Hrönn Hallmundsdóttir. *Uppmælingar á fornleifum við bæjarhólinn í Nesi á Seltjarnarnesi vegna deiliskipulags á vestursvæðum*. Náttúrustofa Vestfjarða 2010. Nv nr. 02-10.